

**AMNESTY
INTERNATIONAL**



Dómsmálaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. júlí 2023

Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um reglugerð um breytingu á reglugerð um útlendinga nr. 540/2017

Íslandsdeild Amnesty International gerir athugasemdir við drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um útlendinga nr. 540/2017 sem birt voru á samráðsgátt stjórnvalda hinn 4. júlí sl.

Í fyrsta lagi tekur deildin heilshugar undir öll þau sjónarmið Mannréttindaskrifstofu Íslands sem koma fram í umsögn hennar um reglugerðardrögin. Breytingarnar sem um er að ræða eru að mestu leyti teknar orðrétt upp úr lögskýringargögnum sem þegar ber að skoða við túlkun laganna sem reglugerðin byggir á. Þó er nokkrum veigamiklum atriðum úr greinargerð með lögnum sleppt. Virðast tillagðar breytingar því þjóna litlum tilgangi öðrum en þeim að draga úr möguleikum tiltekins hóps á mannúðarleyfi, umfram skýran vilja löggjafans.

Í öðru lagi minnir Íslandsdeild Amnesty International á þær ríku skyldur stjórnvalda að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar og mikilvægi þess að axla ábyrgð og skapa hér góð skilyrði fyrir fólk á flótta. Íslenskum stjórnvöldum ber að tryggja að lög og reglur séu í samræmi við alþjóðlega mannréttindasamninga, svo sem mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, samning Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem Ísland hefur fullgilt, auk Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Mannréttindasáttmála Evrópu sem báðir hafa verið lögfestir hér á landi.

Að lokum harmar Íslandsdeild Amnesty International þann tímaramma sem gefin er til að senda inn umsögn um reglugerðardrögin. Drögin voru birt á samráðsgátt stjórnvalda hinn 4. júlí og frestur til að senda inn umsögn veittur til 18. júlí. Það er ekki í samræmi við yfirlýstan tilgang samráðsgáttarinnar um „að auka gagnsæi og möguleika almennings og hagsmunaaðila á þátttöku í stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku opinberra aðila“ að velja einmitt þann tíma sem þorri landsmanna er í sumarfrí til að leita umsagna. Það er hending ein að hagsmunaaðilar geti áttað sig á hvað er í vændum og komið sjónarmiðum sínum að við þessar aðstæður. Stjórnvöldum hefði verið í lófa lagið að víkka út tímarammann eða velja betri tímasetningu fyrir samráðið.

Íslandsdeild Amnesty International ítrekar stuðning sinn við athugasemdir Mannréttindaskrifstofu Íslands um umrædd reglugerðardrög og vonar að stjórnvöld sýni að um raunverulegt samráð sé að ræða og taki þær til greina.

Virðingarfyllst



AMNESTY INTERNATIONAL
Íslandsdeild

Anna Lúðvíksdóttir

Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International

Markmið Samráðsgáttarinnar er að auka gagnsæi og möguleika almennings og hagsmunaaðila á þátttöku í stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku opinberra aðila.

Auka möguleika almennings og hagsmunaaðila til að koma að stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku opinberra aðila og koma með ábendingar um það sem betur má fara í löggjöf og/eða stjórnsluframkvæmd.

Auka gegnsæi í laga- og reglusetningarferlinu þannig að hagsmunaaðilar geti áttað sig á hvað er í vændum og komið sjónarmiðum sínum að.

Sameinuðu þjóðirnar hafa um nokkurt skeið fylgst með árangri þjóða í lýðræðislegri virkni á netinu. Ísland hefur mælst neðarlega í samanburði við önnur lönd og var í 65. sæti í könnun árið 2014. Árangur þjóða byggist á því að almenningur og hagsmunaaðilar geti með auðveldum hætti fylgst með og komið tillögum sínum á framfæri við stjórnvöld varðandi stefnumótun í hinum ýmsu málaflokkum, þar með talið gerð lagafrumvarpa og reglugerða.